

Sykkurrófur og verðmæti sálar

EFTIR THOMAS S. MONSON FORSETA

Fyrir mörgum árum kom Marvin O. Ashton biskup (1883–1946), sem þjónaði sem ráðgjafi í Yfirbiskupsráðinu, fram með samlíkingu sem ég vil deila með ykkur. Sjáið fyrir ykkur með mér, ef þið viljið vera svo góð, bónda sem ekur stórum óyfirbyggðum vörubíl hlöðnum sykkurrófum á leið í sykurverksmiðjuna. Þar sem bóndinn ekur eftir holóttum moldarslóða, kastast nokkrar af sykkurrófunum af bílnum og dreifast um vegkantana. Þegar honum verður ljóst að hann hefur tapað nokkru af rófunum, leiðbeinir hann aðstoðarmönnum sínum; „Það er alveg eins mikill sykur í þeim sem töpuðust. Látum okkur hverfa til baka og ná í þær!“

Í minni útgáfu þessarar sögu, tákna sykkurrófnar þegna þessarar kirkju sem við, sem höfum verið kölluð sem leiðtogar, berum ábyrgð á; og þær sem hafa fallið af vörubílnum tákna menn og konur, unglinga og börn sem, af einhverjum ástæðum, hafa fallið út af slóð virkninnar. Ég umorða athugasemd bóndans varðandi sykkurrófnar, og segi um þessar sálir sem eru dýrmætar föður okkar og meistara: „Þau sem horfið

hafa frá eru alveg jafn verðmæt. Látum okkur hverfa til baka og ná í þau!“

Nákvæmlega núna, í dag, eru sum þeirra flækt í ríkjandi almennum skoðunum. Önnur ráða ekki við strauma umbrotasamra tíma. Enn önnur hafa sogast niður og drukknað í hringiðu synda.

Þetta þarf ekki að vera svona. Við höfum kenningar sannleika. Við höfum starfsáætlanir. Við höfum fólk. Við búum yfir krafti. Starf okkar felst í fleiru en fundum. Þjónusta okkar er að frelsa sálir.


Þjónusta okkar: Frelsa sálir

Drottinn lagði áherslu á verðmæti hvers manns og hvernar konu, unglings og barns þegar hann lýsti yfir:

„Verðmæti sálna er mikið í augum Guðs . . .

Og fari svo, að þér erfiðið alla yðar daga við að boða þessu fólki iðrun og leiðið, þó ekki sé nema eina sál til mín, hversu mikil skal þá gleði yðar verða með henni í ríki föður míns!

Og verði nú gleði yðar mikil með einni sál, sem þér hafið leitt til mín inn í ríki föður míns, hversu mikil yrði þá gleði yðar, ef þér



leidduð margar sálir til mín!“ (K&S 18:10, 15–16).

Minnist þess að þið eigið rétt á blessunum föðurins í þessu verki. Hann kallaði ykkur ekki í ykkar forréttinda-stöðu til að ganga ein, án leiðbeininga, treystandi á lukkuna eina. Þvert á móti, hann þekkir hæfni ykkar, honum er ljós hollusta ykkar, og hann mun breyta meintri vanhæfni ykkar í viðurkenndan styrkleika. Hann hefur lofað: „Ég mun fara fyrir yður. Ég mun verða yður til hægri handar og til þeirrar vinstri, og andi minn mun vera í hjörtum yðar og englar mínir umhverfis yður, yður til stuðnings“ (K&S 84:88).

Leiðtogar Barnafélags, þekkið þið börnin sem þið eruð að þjóna? Leiðtogar stúlkna, þekkið þið stúlkurnar ykkar? Leiðtogar Aronsprestðæmis, þekkið þið piltana? Leiðtogar Líknarfélags og Melkisedeksprestðæmis, þekkið þið konurnar og karlana sem þið hafið verið kölluð til að vera í forsæti fyrir? Skiljið þið vandamál þeirra og úrræðaleysi, þrár þeirra, metnað og vonir? Þekkið þið hve langt þau eru komin, þau vandamál sem þau hafa glímt við, byrðarnar sem þau hafa borið, sorgirnar sem þau hafa orðið fyrir?

Ég hvet ykkur til að teygja ykkur til þeirra sem þið þjónið og elska þau. Þegar þið raunverulega elskið þá sem þið þjónið, mun þeim ekki finnast þau vera í því ankannalega landi—*aldrei* áhyggjuefni annarra, *aldrei* móttakendur sem þurfalingar. Vera má að það sé ekki hlutskipti ykkar að opna borgarhlíð eða hallargáttir, en sönn hamingja og viðvarandi gleði mun koma til ykkar og til hvers og eins sem þið þjónið þegar þið takið í hönd og náðið til hjartans.

Lærdómar grópaðir í hjartað

Ef þið kynnuð að verða fyrir vonbrigðum í starfi ykkar, minnst þess þá að tímamælikvarði Drottins stemmir ekki við okkar. Þegar ég var biskup fyrir mörgum árum, kom einn af leiðtogum stúlkanna, Jessie Cox, til mín og sagði: „Biskup, ég er mislukkuð!“ Þegar ég spurði hvers vegna henni fyndist svo vera, sagði hún: „Mér hefur ekki tekist að koma neinni af stúlkunum mínum í musterisgiftingu, eins og góður kennari mundi hafa gert. Ég hef gert allt mitt besta, en það virðist ekki hafa verið nógu gott.“

Ég reyndi að róa Jessie með því að segja henni að ég, sem biskup hennar, vissi að hún hefði gert allt sem hún gat. Er ég fylgdist með þessum stúlkum í gegnum árin,

komst ég að því að hver og ein þeirra var að lokum innsiglið í musterinu. Sé lexían grópuð í hjartað, er hún ekki glötuð.

Mér hefur lærst þegar ég fylgist með trúföstum þjónum líkum Jessie Cox að hver leiðtogi getur verið sannur hirðir, þjónandi undir leiðsögn okkar mikla og góða hirðis, með þau forréttindi að leiða og gleðjast yfir og annast um þá sem þekkja og elska rödd hans (sjá Jóh 10:2–4).

Leita hins villuráfandi sauðar

Má ég deila viðbótarreynslu minni sem biskups. Einn sunnudagsmorgun tók ég eftir að Richard, einn af prestunum okkar sem sjaldan mætti, var enn á ný ekki mættur á prestðæmisfund. Ég fór frá sveitinni í umsjá aðstoðarmanns míns og fór heim til Richards. Móðir hans tjáði mér að hann væri að vinna á bílaverkstæði í grenndinni. Ég ók að bílaverkstæðinu í leit að Richard og leitaði um allt en fann hann hvergi. Skyndilega fékk ég hugljómun um að líta niður í gamaldags smurningsgryfju sem var til hliðar við bygginguna. Upp úr myrkrinu sá ég glitta í tvö glampanði augu. Ég heyrði Richard segja: „Svo þú fannst mig, biskup! Ég kem upp.“ Þegar við Richard töluðum saman, sagði ég honum hversu mjög við söknuðum hans og þörfnuðumst hans. Ég fékk loforð hans um að mæta á fundi sína.

Þátttaka hans batnaði stórlega. Að lokum flutti hann og fjölskylda hans á brott, en tveimur árum síðar barst mér boð um að tala í grein Richards áður en hann færi í trúboð. Í máli sínu þann dag, sagði Richard að vendipunkturinn í lífi sínu hefði verið þegar biskup hans fann hann í felum í smurningsgryfjunni og hjálpaði honum að snúa til baka til fullrar virkni.

Mínir kærur bræður og systur, okkar er ábyrgðin, jafnvel alvarleg skylda, að ná til allra þeirra hvers líf okkur hefur verið falið að snerta. Skylda okkar er að leiðbeina þeim til himnesks ríkis Guðs. Megum við alltaf muna að leiðtogamöttullinn er ekki hempa hæginda heldur yfirhöfn ábyrgðar og umhyggju. Megum við teygja okkur fram til þeirra sem þarfnast hjálpar okkar og ástar.

Þegar við náum árangri, þegar við komum konu eða karli, stúlku eða pilti til virkni, erum við að svara ákafri bæn eiginkonu eða systur eða móður, hjálpanði til að uppfylla kærustu óskir eiginmanns eða bróður eða föður. Við munum vera að heiðra leiðbeiningu ástríks

föður og fylgja forðæmi sonarins (sjá Jóh 12:26; K&S 59:5). Og nöfn okkar munu ætíð í heiðri höfð hjá þeim sem við náum til.

Af öllu hjarta bið ég þess að himneskur faðir muni ætíð leiðbeina okkur þegar við keppumst við að þjóna og frelsa börn hans.

HUGMYNDIR FYRIR HEIMILISKENNARA

Þegar þið hafið í bænaránda numið þennan boðskap, skuluð þið miðla honum þannig að hann hvetji til þátttöku þeirra sem þið kennið. Eftirfarandi eru nokkur dæmi:

1. Fyrir fjölskyldu þar sem eru ung börn, lesið hlutann: „Leita hins villuráfandi sauðar.“ Biðjið börnin að lýsa því hvernig Richard gæti hafa litið út þegar hann var í smurningsgryfjunni. Látið þau síðan lýsa því hvernig Richard mundi líta út sem trúboði. Spyrjið fjölskylduna: „Hvers vegna álfítið þið það mikilvægt að biskupinn færi að leita að Richard?“ Ljúkið með því að lesa K&S 18:10, 15–16.

2. Þegar lexían hefst missið þá nokkra smápeninga á gólfið. Spyrjið: „Væri það mikilvægt fyrir mig að tína upp peningana? Hvers vegna?“ Þegar þið tínið þá upp, útskýrið að fólk sé óendanlega mikið mikilvægara en peningar. Segið sykkurrófusöguna. Spyrjið hvernig við getum „tekið í hönd og náð til hjarta“ til að færa fólk til baka inn í kirkjustarfið.